



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM ÚTLÁNAÁHÆTTU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM ÚTLÁNAÁHÆTTU  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

2023 nr. 20

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 19. desember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

## REGLUR um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja.

1. gr.  
*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.  
*Útreikningur á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu.*

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu skal fylgja ákvæðum reglugerða (ESB) sem tilgreindar eru í 3. gr.

Við mat á mikilvægi lánaskuldbindingar sem er komin fram yfir gjalddaga skal fjármálafyrirtæki miða bæði við 1% af heildarskuldbindingum lántaka og 15.000 kr. fyrir smásöluáhættuskuldbindingar og 75.000 kr. fyrir aðrar skuldbindingar í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/171, sbr. 3. gr.

3. gr.  
*Innleiðing reglugerða.*

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 frá 20. desember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina útreikningana á sértækum og almennum leiðréttingum á útlánaáhættu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 285-288.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/585 frá 18. desember 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu á áhættutímabili tryggingarfjár, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 254-256.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1646 frá 13. september 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðalvísitölur og viðurkenndar kauphallir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 373-383.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/171 frá 19. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mikilvægismörkin fyrir lánaskuldbindingar sem komnar eru fram yfir gjalddaga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19 frá 9. mars 2023, bls. 33, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðuninni.
5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/931 frá 1. mars 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina aðferðina til að bera kennsl á afleiðuviðskipti með einn eða fleiri mikilvæga áhrifaþætti áhættu með tilliti til 5. mgr. 277. gr., formúluna til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaups- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk og aðferðina til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt-

eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþættinum í tilteknum áhættuflokki að því er varðar a- og b-lið 3. mgr. í 279. gr. a. í staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2022 frá 29. apríl 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61 frá 22. september 2022, bls. 94. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 30. mars 2023, bls. 542-547.

6. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/954 frá 12. maí 2022 um breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 183/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina útreikningana á sértækum og almennum leiðréttingum á útlánaáhættu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 281/2022 frá 28. október 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 35 frá 4. maí 2023, bls. 8.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1650 frá 24. mars 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1646 að því er varðar aðalvísitölur og viðurkenndar kauphallir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2023 frá 17. mars 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77 frá 26. október 2023, bls. 46.
8. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/511 frá 24. nóvember 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir útreikning fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt umboðsaðferðinni, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2023 frá 13. júní 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 87 frá 30. nóvember 2023, bls. 27.
9. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/206 frá 5. október 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru tegundir þátta sem taka skal til greina við mat á tilhlýðileika áhættuvoga fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með fasteignum og þau skilyrði sem taka skal tillit til við mat á því hversu viðeigandi lágmarksgildi fyrir tap að gefnum vanefndum er fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með fasteignum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 282/2023 frá 27. október 2023.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/171, 2022/954, 2022/1650, 2023/511 og 2023/206 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32018R0171>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 32, þann 6. febrúar 2018, bls. 1-5;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R0954>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 165, þann 21. júní 2022, bls. 24-25;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R1650>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 249, þann 27. september 2022, bls. 1-9;
4. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32023R0511>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 71, þann 9. mars 2023, bls. 1-3;
5. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32023R0206>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 29, þann 1. febrúar 2023, bls. 1-5.

4. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 78. gr. a og 24.-26., 33., 35., 41., 44. og 45. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1092/2023 um útlánaáættu fjármálafyrirtækja.